

Siðareglur

félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps

Manngildi og virðing fyrir ólíkum hópum samfélagsins eru í fyrirrúmi ásamt fordómaleysi og heilindum til að vinna vel fyrir þann sem er í vanda staddur. Trúnaður er lykilorð.

1. Starfsmenn félagsþjónustunnar vinna skv. stjórnsýslulögum, upplýsingalögum, barnaverndarlögum, lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, lögum um málefni fatlaðs fólks og lögum um málefni aldraðra, ásamt öðrum lögum og reglugerðum er varða mála-flokkinn.
2. Starfsmenn félagsþjónustunnar skulu ávallt upplýsa skjólstæðinga sína um réttindi þeirra og skyldur og útskýra reglur og lög sem unnið er eftir.
3. Starfsmenn munu ekki leita upplýsinga um þriðja aðila án hans samþykkis og fullrar vitundar, nema lög kveði á um annað í þeirri vinnu sem unnið er að.
4. Starfsmenn félagsþjónustunnar þiggja ekki gjafir né fjármuni frá skjólstæðingum sínum.
5. Fullum trúnaði er heitið þeim sem unnið er með hverju sinni og helst sá trúnaður þótt starfsmaður láti af störfum. Undantekning frá trúnaði á eingöngu við ef lög krefjast þess og ef starfsmaður verður var við ólöglegt athæfi skjólstæðingsins.
6. Starfsmenn munu aldrei nýta sér ójöfnuð á einn né neinn hátt né tengsl við skjól-stæðinga sér til framdráttar.
7. Starfsmenn félagsþjónustunnar bera ábyrgð á að einstaklingurinn sem til þeirra leitar fái ráðgjöf annars staðar, sé vandi hans þess eðlis að ekki sé unnt að leysa hann hjá félagsþjónustunni.
8. Starfsmenn félagsþjónustunnar koma til móts við einstaklinginn þar sem hann er staddur hverju sinni.
9. Starfsmenn félagsþjónustunnar eru ekki meðferðaraðilar heldur stuðningsaðilar og greina þar á milli.
10. Starfsmenn félagsþjónustunnar fara ekki í manngreinarálit og virða alla óháð kynferði, litarhætti, trúarbrögðum og skoðunum, eins og segir í jafnréttisáætlun sveitarfélagsins.
11. Starfsmenn félagsþjónustunnar taka fulla ábyrgð á gjörðum sínum, orðum og hegðun.
12. Starfsmenn hafa þessa stefnu að leiðarljósi í öllum sínum samskiptum í faglegri vinnu og láta ekki pólitísk sjónarmið ráða för við vinnslu viðkvæmra einstaklingsmála.

Velferðarnefnd Stranda og Reykhólahrepps samþykkti ofanskráðar siðareglur 27. ágúst 2012. Þær hafa síðan verið staðfestar í sveitarstjórnnum sveitarfélaganna fjögurra sem að félagsþjónustunni standa, Árneshrepps, Kaldrananeshrepps, Reykhólahrepps og Strandabyggðar.